


Hvað er á seyði um helgina?



Guðsþjónustur í Reykjavíkurbíofastsdæmi sunnudaginn 12. apríl 1981, pálmisunnudagur.

ÁRBÆJARPRESTAKALL: Barnasamkoma í safnaðarheimili Árbæjarsóknar kl. 10.30 árd. Fermingarguðsþjónusta í safnaðarheimilinu kl. 2. Altarisganga þriðjudag 14. apríl kl. 20.30 í safnaðarheimilinu. Sr. Guðmundur Þorsteinsson.

ÁSPRESTAKALL: Ferming í Laugarneskirkju kl. 2. Sr. Árni Bergur Sigurbjörnsson.

BREIÐHOLTSPRESTAKALL: Sunnudagaskóli kl. 10.30 árd. Messa kl. 2 e.h. í Breiðholtsskóla. Sr. Lárus Halldórsson.

BÚSTADAKIRKJA: Fermingarguðsþjónustur kl. 10.30 árd. og kl. 13.30 síðd. Altarisganga þriðjudagskvöld kl. 20.30. Sr. Ólafur Skúlason.

DIGRANESPRESTAKALL: Barnasamkoma í safnaðarheimilinu við Bjarnhöfðastíg kl. 11. Fermingarguðsþjónusta í Kópavogskirkju kl. 10.30. Sr. Þorgerður Kristjánsson.

DÓMKIRKJAN: Kl. 11 fermingarmessa. Sr. Þórir Stephensen. Kl. 2 fermingarmessa og altarisganga. Sr. Hjalti Guðmundsson, Dómkórinn syngur, organleikari Martein H. Friðriksson. Elliheimilið Grund: Messa kl. 10 árd. í umsjá sr. Þorsteins Björnssonar.

FELLA- OG HÓLAPRESTAKALL: Laugard.: Barnasamkoma í Hólabrekkuskóla kl. 2 e.h. Sunnud.: Barnasamkoma í Fellaskóla kl. 11 f.h. Guðsþjónusta í safnaðarheimilinu að Keilufelli 1 kl. 2. Sameiginleg samkoma Breiðholtssafnaðs að Seljabraut 54 nk. miðvikudag kl. 20.30. Sr. Hreinn Hjartarson.

GRENSÁSKIRKJA: Fermingarmessa kl. 10.30 og kl. 14.00. Altarisganga þriðjudag 14. apríl kl. 20.30. Organleikari Jón G. Þórarinnsson. Sr. Halldór S. Gröndal.

HALLGRÍMSKIRKJA: Messa kl. 11. Ferming og altarisganga. Sóknarprestarnir. Kvöldbænir kl. 18.15 mánudag, þriðjudag og miðvikudag, þriðjud. 14. apríl: Fyrirbænuðsþjónusta kl. 10.30 árd. Beðið fyrir sjúkum.

HÁTEIGSKIRKJA: Laugardagur: Barnaguðsþjónusta kl. 11. Sr. Arngímur Jónsson. Sunnudagur: Messa kl. 10.30. Ferming. Prestarnir. Fostuguðsþjónusta fimmtudag kl. 20.30. Sr. Tómas Sveinsson.

KÁRSNESPRESTAKALL: Barnasamkoma í Kársnesskóla kl. 11 árd. Ferming í Kópavogskirkju kl. 2 e.h. Sr. Árni Pálsson.

LANGHOLTSKIRKJA: Minnum á tónleika kórs Langholtskirkju í Fossvogskirkju laugardag 11. apríl kl. 4 síðd. og mánudag 13. apríl kl. 8 síðd. Sunnud.: Fermingarguðsþjónusta kl. 10.30 og kl. 13.30. Sóknarnefndin.

LAUGARNESPRESTAKALL: Laugard. 11. apríl: Guðsþjónusta að Hátúni 10b, niundu hæð kl. 11 árd. Sunnud. 12. apríl: Messa kl. 10.30. Ferming og altarisganga. Messa kl. 14.00 í umsjá Ásprestakalls. Ferming og altarisganga. Þriðjud. 14. apríl: Bænuðsþjónusta kl. 18.00. Sóknarprestur.

SELJASÖKN: Barnaguðsþjónusta að Seljabraut 54 kl. 10.30 árd. Barnaguðsþjónusta í Óðusellaskóla kl. 10.30 árd. Guðsþjónusta að Seljabraut 54 kl. 2. Sóknarprestur.

NEKIRKJA: Laugardagur: Samverustund aldraðra í síðasta skipti á vetrinum kl. 3—5 síðd. Sunnudagur: Barnasamkom kl. 10.30. Sr. Guðmundur Óskar Ólafsson. Fermingarguðsþjónustur kl. 11 og kl. 14. Prestarnir.

SELJARNARNESSÖKN: Barnasamkoma kl. 11 árd. í Félagsheimilinu. Sr. Frank M. Halldórsson.

FRIKIRKJAN Í REYKJAVÍK: Messa kl. 2. Ferming. Organleikari Sigurður Ísólsson. Prestur sr. Kristján Róbertsson.

VIÐISTADASÖKN (Hafnarfirði): Fermingarguðsþjónustur í kapelli sóknarinnar í Hrafnistu kl. 10 og 14. Sr. Sigurður H. Guðmundsson.

HAFNARFJARDARKIRKJA: Fermingarguðsþjónusta kl. 10.30 og 14.

NÝJA POSTULAKIRKJAN Haaleitisbraut 58: Messa sunnudag kl. 11.

KEFLAVÍKURKIRKJA: Fermingarguðsþjónusta kl. 10.30 og 14. Altarisganga mánudag og þriðjudag kl. 20.30.

Listasöfn

Sýningar

GALLERÍ LANGBRÖK: Amtmannsstíg 1: Grafík, textill, keramik o.fl. eftir aðstandendur gallerisins. Opíð 12—18 alla virka daga.

ÁSGRÍMSAFN, Bergstaðastræti 74: Ný sýning á verkum Ásgríms. Opíð þriðjud., fimmtud. og laugard. kl. 13.30—16.

GALLERÍ KIRKJUMUNIR, Kirkjustreiti 10: Sigrún Jónsdóttir, batik, kirkjumunir o.fl. Opíð 9—18 virka daga, 9—16 um helgar.

DJÚPIÐ, Hafnarstræti (Hornfóti): Ásgeir Einarsson, málverk og teikningar. Opnar laugardag.

GALLERÍ Suðurgata 7: Douwe Jan Bakker, — Um

Textílfélagið opnar sýningu í Listasafni ASÍ:

VERK ÚR ULL, HROSSHÁRI, KOPAR, ÞANGI OG BLÚNDUM

— fjölbreytnin er ótrúleg

Ef þig langar að sjá ofið teppi, þar sem litlir plastpokar, fylltir vatni, eru eins og tár á svörtum hrosshárs-vanga, þá skaltu bregða þér á sýningu Textílfélagsins sem verður opnuð á morgun klukkan þrjú í Listasafni alþýðu við Grensásveg.

Þar getur að líta 64 verk. Þau eru afar ólík innbyrðis, allt frá skjól-góðum nytjaflikum upp í órlitil blómabeði úr ull og vír eða risastóra gólfmynd úr spegli og köðlum. Listakonurnar gefa hugmyndafluginu lausan tauminn. Þarna eru mynd-ofnar furðuskepnir við þingvallavatn, vírflugur með silkennnda vængi, þrjónað landslag. Viðast hvar er ullin uppistaða en með henni er notað þang, koparvír, fiskinet eða hvað sem höfundir verksins hefur dottið í hug. Þarna er líka stúlkumynd þrykkt fjórföld á silki og samfestingar á litil börn, saumaðir úr gömlum blúndugardinum.

Öll verkin á sýningunni eru til sölu og kosta frá 900 krónum upp í 25.000. Stærst og dýrast er veggteppi Ásgerðar Búadóttur, Sjó lífsfletir.

Munstrið í því myndar eins konar kross og í það eru ofin nöfn sjö listakvenna sem allar eru látnar: Nina, Gerður, Eyborg, Barbara, Áslaug, Ragnheiður, María.

Eins og venja er hjá Listasafni alþýðu er á sýningunni einnig hægt að sjá litskyggjur, að þessu sinni af 160 verkum sem textílkonurnar hafa áður gert. Einnig gefur safnið út litskyggnumöppu með mörgum myndum undir nafninu Íslensk vefjarlist 1950—1980. Verður hún fáanleg eftir nokkra daga. Áður hefur komið út sams konar mappa með verkum Gísla Jónssonar. Þá er á boðstólum óvenju vönduð sýningar-

skrá með fjölda mynda og kostar hún aðeins 15 krónur.

Sýningin stendur til 26. apríl og er

safnið opið frá klukkan tvö til tíu alla daga að undanskildum föstudeginum langa og páskaðegi.

-IHH



Nefndin, sem annast hefur undirbúning sýningarinnar: F.v. Ina Salome Hallgrámsdóttir, Sigríður Jóhannsdóttir, Hulda Jóhannsdóttir, Adalheiður Skarphéðinsdóttir, Anna Halle Björgvinsdóttir, Hanna G. Ragnarsdóttir. Á myndina vantar Evu Vilhelmsdóttur, Guðrúnu Jónsdóttur og Hildi Hákonardóttur.

DB-mynd Sig. Þorri.

Líf og land efnir til borgarafundar um trúmál:

Yfir þrjátíu fyrirlesarar taka til máls

— Erindin verða gefin út í bók



Erindi Árna Bergmann ritstjóra nefnist Trú og sósíalismi.



Eyvindur Erlendsson leikhúsfæðingur fjallar um kirkju og leiklist.

Yfir þrjátíu manns munu flytja erindi á dagslögum borgarafundi Lifs og lands, landssamtaka um umhverfismál, um trúmál. Fundurinn verður haldinn í Norræna húsinu. Hann hefst klukkan níu á laugardagsmorguninn og stendur daglangt.


Fundur þessi er tilraun Lifs og lands til þess að meta stöðu trúarbragða — einkum kristinnar trúar — í íslensku þjóðfélagi. Hvaða áhrif hefur trúin sem mólandi á? Hvaða erindi á trúin við nútímann og komandi kynslóðir? eru spurningar sem

meðal annars verður leitast við að svara.

Fjölmargir aðilar, bæði lærðir og leikir, hafa staðið að undirbúningi borgarafundarinnar. Sem dæmi um efnisval má nefna erindi um helztu trúarbrögð heims, trú og markaðskerfi, kirkjuna og heimsmálin, kirkju og leiklist og margt fleira.

Meðal fyrirlesara má nefna Eyvind Erlendsson, Gunnlaug Stefánsson, Árna Bergmann, Sigurð A. Magnússon og Gunnlaug A. Jónsson.

Fyrirlestarnir verða gefnir út í bókaförmi innan skamms. —ÁT—



Í Listasafni alþýðu heldur Textílfélagið sína fyrstu sýningu síðan 1978 og er á allan hátt mjög vel að henni staðið. Hér sjást textílkonur hengja upp sýninguna.

Í sérstakt framlag Íslands og íslensks samfélags til sögu byggingalistarinnar, ljósmyndir. Lýkur 12. apríl. Opíð 16—20 alla daga vikunnar.

LISTMUNAHÚSIÐ: Lækjargötu 2: Engin sýning um helgina.

ÁRBÆJARSAFN: Opíð samkv. umtali. Sími 84412 kl. 9—10 alla virka daga.

ÞJÓÐMINJASAFNIÐ v. Suðurgötu: Opíð þriðjud., fimmtud. laugard. og sunnud. kl. 13.30—16. Bogasalur: Sigurður Þorsteinsson gullsmíður. Opín apríl-september.



[Nú er haldin sýning í Bogasal Þjóðminjasafnsins er nefnist Sigurður Þorsteinsson gullsmíður. Að henni standa Þjóðminjasafnið og Ole Villamsen Krog silfur-fæðingur. Hér sjást Þór Magnússon þjóðminja-fæðingur og Krog á sýningunni.

TORFAN, veitingahús: Messiana Tómasdóttir, leikmyndir og ljósmyndir.

GALLERÍ Guðmundar, Bergstaðastræti 15: Kristján Guðmundsson, ný málverk. Weissauer, ný grafík.

NYLISTARSAFNIÐ, Vatnsstíg 3b: Ólafur Lárusson og Þór Vigfússon, ný verk. Opíð 16—20 virka daga, 14—20 um helgar.

NÝJA GALLERÍÐ: Laugavegi 12: Hreggviður Hermannsson, teikningar og ollumyndir.

MOKKA KAFFI, Skólavörðustíg: Gunnlaugur Johnsson, teikningar. Opíð 9—23.30 alla daga.



Sýningu Gunnars Hjaltasonar í Norræna húsinu lýkur nú á sunnudaginn en hún hefur verið mjög vel sótt. Hér situr Gunnar hjá nokkrum verka sína.